


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Stæf2jg05 Námsætlun haustönn 2019	

Kennarar	Hálf dán Örnólfsson	Sk.st.	HÖR
-----------------	---------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið í gegnum helstu hugtök sem varða fjármál og fjármálalæsi. Nokkuð fjallað um helstu tegundir verðbréfa og verðbréfamarkaði. Hugtökin nafnvextir, forvextir, raunvextir, fórnarvextir og virkir vextir kynnt og formúlur til að reikna viðkomandi stærðir. Farið er í núvirði og framtíðarvirði, jafngreiðsluraðir og jafngreiðslulán. Aðferðir við verðtryggingu útskýrðar. Fjallað um gengi verðbréfa og afföll og gengisútreikninga á erlendum gjaldmiðlum. Útreikningar með vasareikni og töflureikni æfðir.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu vaxtahugtökum
- helstu greiðsluformum skuldabréfa (s.s. víxlar, jafngreiðslur og jafnar afborganir)
- vísitölum og aðferðum við verðtryggingu
- jafngreiðsluröðum
- gengi og verði gjaldmiðla
- kaupverði, gengi og afföllum einföldustu gerða skuldabréfa
- arðsemisútreikningum
- innri vöxtum
- kennitölum hlutabréfa

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna út vaxtaupphæð, framtíðarvirði höfuðstóls, núvirði höfuðstóls, vaxtaþrósentu og tíma
- reikna út greiðslur af helstu gerðum skuldabréfa, verðtryggðum og óverðtryggðum
- reikna út greiðslur, núvirði og framtíðarvirði jafngreiðsluraða
- reikna út ávöxtun og raunvexti
- reikna út breytingar á gengi og verði gjaldmiðla
- reikna út kaupverð, gengi og afföll einföldustu gerða skuldabréfa
- reikna út hagkvæmstu fjárfestingavalkosti/tilboð með hjálp núvirðisreiknings
- reikna út innri vexti


Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til

að:

- annast útreikninga og gera áætlanir sem varða fjármál heimilisins
- annast útreikninga og gera áætlanir sem varða fjármál minni fyrirtækja
- leggja grunn að frekara námi á sviði stærðfræði í tengslum við fjármál
- nýta hugbúnað við útreikninga á sviði fjármála
- meta ólíka lánakosti

Námsgögn:

Efni frá kennara. Ítarefni og stuðningsefni á vef.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Stæf2jg05	Námsætlun haustönn 2019

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
34-35	Kynning – Reikniaðferðir (verkefni 1-2). Almennur vaxtareikningur (verkefni 3).	
36-37	Almennur vaxtareikningur (verkefni 3-4).	Heimaverkefni 1
38-39	Jafngreiðsluraðir (verkefni 5-6).	
40-41	Vaxtahugtök, gengi og verðtrygging (verkefni 7-8).	Heimaverkefni 2
42-43	Helstu greiðsluform verðbréfa. Núvirði, gengi og afföll (verkefni 9-10).	
44-45	Arðsemi fjárfestinga. Mat á tilboðum (verkefni 11).	Tímapróf
46	Fjármögnun, verðbréf ofl. (verkefni 12).	Moodlepróf
47	Fjármálaföll í spreadsheet. (verkefni 13)	Heimaverkefni 3
48	Upprifjun.	Hópverkefni

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Heimaverkefni	Þrjú heimaverkefni verða á önninni, gilda 6% hvert.	18%
Tímapróf	Eitt tímapróf er á önninni	10%
Moodlepróf	Eitt gagnvirkt moodlepróf er á önninni	8%
Hópverkefni	Eitt hópverkefni verður á önninni	8%
Lokapróf	Lokapróf í próftöflu. Á lokaprófi þarf nemandi að ná að minnsta kosti einkunninni 4,0 til þess að aðrir matsþættir reiknist með í lokaekunn.	56%
Samtals:		100%

Dagsetning: 16. ágúst 2019


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils